KJARVALSSTAÐIR

sýningar opnaðar

stefnu. Í upplýsingablöðum Kjarvalsstaða segir: „Jóhanna Kristín var yfirleitt ekki að formgera ytra útlit eða einkenni fyrirmynda sinna í verkum sínum, heldur notaði hún hið hversdagslega — fólkið í kringum sig og ekki síst sjálfa sig — til að túlka dýpri, mannlegan sannleika handan hins hversdagslega. Þessi næma innsýn og túlkun á tilfinningalífi nær yfir allan tónstiga tilfinninganna, en þegar á leið varð það þó sorgin, óttinn, og örvæntingin sem fengu mest rými í verkum hennar."

Claude Rutault

Claude Rutault er franskur nútímalistamaður, sem vakið hefur alþjóðlega athygli. Verk hans eru í björtum hreinum litum, en ein grundvallarhugmynd hans er að málverk sé málað í sama lit og veggurinn sem málverkið hangir á. Verk hans eru ennfremur einföld að formi til: ferhyrningur, hringur, tíglar, o.s.frv., en í þeim „leynast „forskriftir", fræðileg forsenda, sem fjallar öðru fremur um mekanisma listarinnar", eins og segir í kynningartexta frá Kjarvalsstöðum.

Á sýningunni eru níu sýnishorn af því sem Rutault nefnir „skilgreining/vinnuaðferð". Í tengslum við sýninguna hefur franski listgagnrýnandinn Guy Tortosa verið fenginn til að halda fyrirlestur um list Claudes Rutault, og verður fyrirlesturinn á Kjarvalsstöðum á morgun sunnudag kl. 15:00.

Matthías Johannessen


Matthías Johannessen, ritstjóri og skáld, er orðinn landskunnur af ljóðum sínum. Hann er jafnvígur á hátt-bundið form og bundið. Sýningar á ljóðum merkra skálda hafa mælst nokkuð vel fyrir og verða ljóð eftir Matthías hengd upp í austurforsal



Eitt verka Jóhönnu Kristínar Yngvadóttur á sýningunni á Kjarvalsstöðum.



Claude Rutault hengir upp eitt verka sinna.



sar Johannessen.

Leikfélag Akureyrar:

Íslandsklukkan frumsýnd í mars

Æfingar standa nú yfir hjá Leikfélagi Akureyrar á Íslandsklukkunni eftir Halldór Laxness, og er frumsýning fyrirhuguð í seinni hluta marsmánaðar. Leikstjóri verksins er Sunna Borg og hefur hún jafnframt gert nýja leikgerð af verkinu. Jón Hlöðver Áskelsson hefur samið tónlist við verkið, Sigurjón Jóhannsson hannar leikmynd, Ingvar Björnsson hannar lýsingu og búningameistari er Freygerður Magnúsdóttir.

Í leikgerð Sunnu er meginátökum lögð á aðalpersónur sögunnar, þ.e.a.s. ástarsögu Snæfríðar Íslandssólar og Arnas Arnæus, og lífshlaupi Jóns Hreggviðssonar, en minni áhersla lögð á þjóðlífsþanka og fjöldasenur sem verið hafa í öðrum leikgerðum. Með helstu hlutverk í sýningunni fara Elva Ósk Ólafsdóttir sem leikur Snæfríði Íslandssól, Hallmar Sigurðsson leikur Arnas Arnæus og Þráinn Karlsson sem fer með hlutverk Jóns Hreggviðssonar. Með önnur hlutverk í sýningunni fara: Felix Bergsson, Valgeir Skagfjörð, Jón Stefán Kristjánsson, Gestur Einar Jónasson, Sigurveig Jónsdóttir, Guðlaug Hermannsdóttir, Árni Valur Viggósson, Aðalsteinn Bergdal, Þórdís Arnljótsdóttir, Eggert Kaaber, Marinó Þorsteinsson, Sigurður Hallmarsson, Herdís Birgisdóttir og Agnes Þorleifsdóttir. Alls eru 26 hlutverk í sýningunni auk statista, svo hér er um mannmarga og stóra sýningu að ræða, auk þess sem viðamikil leikmynd og lýsing setja stóran svip á sýninguna.

Leikfélag Akureyrar á 75 ára afmæli í apríl, og af því tilefni verður sérstök hátíðarsýning á verkinu. Sýningin verður einnig til heiðurs skáldinu Halldóri Laxness, því hann á níræðisafmæli í apríl. Þá verður í tengslum við afmælið gefin út bók eftir Harald Sigurðsson, sem ber heitið „Saga leiklistar á Akureyri 1860-1992".

Söngleikurinn Tjútt og tregi eftir Valgeir Skagfjörð, sem sýndur hefur verið undanfarið við góðar undirtektir, verður á fjölunum út febrúarmánuð, og fer því hver að verða síðastur að berja hann augum.

hiá-akureyri.